

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008, íbúðarsvæði neðan Strandgötu, vestan Ljósár, Fjarðabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008 frá 21. maí 1990.

Breytingin felst í að hluti íbúðarsvæðis, neðan Strandgötu og vestan Ljósár, breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.